



Afreksíþróttakademía ÍBV Íþróttafélags og FÍV

Afreksíþróttakademían er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksmanna samhliða bóknámi, ef þau standast allar kröfur fá þau 5 feiningar á önn. Inntökuskilyrði eru í akademíuna og meta fulltrúar ÍBV Íþróttafélags og FÍV allar umsóknir um inngöngu með hliðsjón af íþróttakademíu GRV, námsframvindu og íþróttafærni.

Nemendur fá tvær tækniæfingar í viku og bóklega kennslu, eftir tækniæfingarnar er boðið uppá hollan og næringarríkan morgunmat í Týsheimilinu. Nemendur skrifa undir samning um strangar mætinga- og agareglur enda er reglusemi og dugnaður undirstaða þess að ná langt í íþróttum. Nemendur þurfa að skuldbinda sig til að standa sig vel í skólanum, þeir verða að mæta vel og alltaf á réttum tíma og vera með eðlilega námsframvindu. Nemendur greiða gjald í upphafi annar.

Markmið afreksíþróttakademíunnar

- Búa til framtíðarleikmenn fyrir meistaraflokka félagsins.
- Gera nemendum kleift að bæta sig verulega bæði líkamlega og andlega.
- Auka sjálfstraust og bæta sjálfsmynd nemenda.
- Læra að vera hluti af liðsheild þar sem þau þurfa bæði að gefa af sér og geta unnið vel með öðrum.
- Tileinka sér aga og lífsstíl sem þarf til að ná árangri.
- Setja sér persónuleg markmið og ná þeim.

Hver er ávinningur nemenda af íþróttakademíunni?

- Tækifæri á að verða betri íþróttamaður, jafnvel afreksíþróttamaður og fyrirmynd.
- Tvær aukaæfingar í viku auk fjölda fyrirlestra.
- Leiðsögn í næringarfræði, forvörnum meiðsla, samhæfingu náms og íþróttar, réttu hugarfari og nauðsyn þess að lifa heilbrigðu lífi til að ná langt í öllu sem þau taka sér fyrir hendur.
- 5 feiningar.
- Heilbriggt líferni og reglusemi.

Samningur nemenda í FÍV

- Iðkandi á að mæta 100% á allar æfingar og í alla tíma og ljúka a.m.k. 80% af þeim feiningum sem hann stundar í FÍV.
 - Skýring á fjarvist er einungis tekin til greina ef nemandi er í keppnisferðalagi, eða viðburðum tengdum sínu námi, þ.a.l. er áverkavottorð/meiðsli ekki tekin til greina sem skýring á fjarvist.
- Iðkandi má ekki neyta áfengis, tóbaks né annara fíkniefna.
- Iðkandi mun leika með meistara- og/eða yngri flokkum ÍBV Íþróttafélags.
- Iðkandi skal vera tiltækur í fjáraflanir á vegum deilda.
- Iðkandi skal dæma fimm leiki hjá yngri flokkum ÍBV Íþróttafélags.
- Iðkandi skal vera fyrirmynd fyrir yngri iðkendur félagsins, bæði innan vallar sem utan.